

Heilbrigðisstarfmaður: Róandi eða svefnlyf

Niðurtröppun róandi lyfja og svefnlyfja – upphafssamtal

Spurningar sem hægt er að nota í samtali við skjólstæðing:

1. Hversu mikilvægt er fyrir þig hætta á þessu lyfi á skalanum 0-10?
2. Hversu vel treystir þú þér til að hætta töku lyfsins á skalanum 0-10?
3. Hvað myndi hjálpa þér að hætta að taka lyfið?

Áður en meðferð með benzódíazepínnum eða Z-lyfjum hefst – hvað þarf að ræða?

Markmið með lyfjameðferð: Lyfið er ætlað til skammtímanotkunar samhliða öðrum úrræðum (t.d. ráðgjöf, HAM).

Upplýst samþykki: Sjúklingur þarf að vera meðvitaður um áhættu og eiginleika lyfsins:

- Slævandi áhrif (timburmenn, byltuhætta, skerðing á einbeitingu og minni)
- Polmyndun og ávanahætta
- Fráhvarfseinkenni

Langtímanotkun eykur hættu á:

- Byltum og slysum (heima og í umferðinni)
- Vitaskertingu og óljósum einkennum sem geta líkst heilabilun
- Þunglyndi og minnkaðri sjálfsbjargarviðleitni
- Minnistapi og truflun á félagslegri virkni
- Próun ávanabindingar og jafnvel líkamlegrar fíknar

Sérstök áhætta hjá öldruðum:

- Auknar líkur á ruglástandi, svefngöngu, minnisleysi og ósamhæfðum hreyfingum
- Einkenni ranglega túlkuð sem heilabilun

Akstur og slævandi áhrif

- Fræða þarf skjólstæðing um að þessi lyf geta haft áhrif á viðbragðsflýti, dómgreind og aksturshæfni.
- Mælt er gegn akstri við upphaf meðferðar og við skammtabreytingar.

Áfengisnotkun og önnur slævandi lyf

- Vara þarf sérstaklega við samhliða notkun áfengis og annarra slævandi lyfja – getur leitt til alvarlegra aukaverkana, m.a. öndunarbælingar og dýpri slævunar.